

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 6.tbl. 10. árg

Mars og apríl 2021

Góðan dag kærur forráðamenn



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI eru háin okkar þrjú í Glerárskóla. Þetta er okkar skólasýn og eftir henni er allt skipulag í skólanum mótað. Í

þessum þremur orðum felast þau hugðarefni sem stýra þeirri starfsemi sem fram fer hvern dag í Glerárskóla. Markmið skólans og leiðir falla að menntastefnu Akureyrarbæjar og fylgja Aðalnámskrá grunnskóla. Við leggjum áherslu á að nemendur okkar kynnist bæði bóklegu og verklegu námi og læri að vinna sem einstaklingar og í teyrum. Með fjölbreyttum kennsluáferðum og námsmati auk samvinnu við heimilin náum við þeim árangri sem við vonumst eftir.

Alltaf má gera betur í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur og nú er unnið að því að útfæra menntastefnu Akureyrarbæjar enn betur inn í skólastarfið m.a. með því að endurskoða og móta þau viðmið, markmið og leiðir sem skólinn vill fylgja.

Endurskoðun er alltaf af hinu góða og því nauðsynlegur hluti af starfsemi allra skóla. Í haust var stofnað gæðaráð við skólann sem nú er í óða önn að læra og finna bestu leiðina fyrir skólann til að útvíkka og fara inn á við í innra matinu. Í janúar var framkvæmt ytra mat sem mun hjálpa okkur við að byggja upp það sem gott er og bæta það sem betur má fara. Verkefni þetta verður í öllum skólum Akureyrar næstu þrjú árin og munu skólarnir vinna saman sem eitt lærdómssamfélag auk þess sem hver og einn skóli endurmótar sína innri stefnu og leiðir.

Nú þegar Covid19 hefur aðeins losað tökin verður ánægjulegt að takast á við það fjölbreytta starf sem tilheyrir vorinu og má þar sérstaklega minnst á árhátíð skólans sem er gífurlega lærdómssrík fyrir alla nemendur.

Við fögnum því komandi mánuðum og horfum fram á veginn með festu og gleði.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Glerárvision

Glerárvision var haldin daginn fyrir vetrarfrí þetta skólaárið. Vegna Covid 19 var ekki hægt að halda þessa rötgrónu keppni á hefðbundin hátt, en nemendur og kennara dóu ekki ráðalausir. Útbúið var rými þar sem nemendur gátu flutt keppnislögin ásamt því að taka upp atriðin og sönginn. Öllu var síðan skellt saman með kynningum, sem 10. bekkur sá um og voru magnaðar, í eina samfellda keppni á rafrænu formi. Allur skólinn sýndi keppnina á sama tíma og nemendur völdu áhorfendalag keppinnar. Í lokin tilkynnti dómnefnd vinningslögin og stuttu síðar var birt



vinningslag áhorfenda. Í þetta sinn voru áhorfendur og dómarmar alveg sammála um 1. sætið og því var 9-KJ tvöfaldur sigurvegari keppinnar. Til hamingju 9-KJ, þetta var afar vel gert. Sjá má vinningslagið á heimasíðu skólans.

Árshátíð Glerárskóla

Vorönn í grunnskólanum er alltaf fljót að líða og bráðum kemur að árshátíð í Glerárskóla. Við vitum öll að árshátíðin okkar er glæsileg í alla staði og erum þess handviss að svo verði áfram þrátt fyrir samfélagslegt ástand. Æfingar eru komnar á fulla ferð og farið að huga að því hvernig skipulagið verður þetta árið. 10. bekkingar hefja nú undirbúning fyrir útskriftarkvöldverð samkvæmt venju. Það eru því mörg handtökin sem tekin verða næstu fjórar vikurnar til að allt takist sem best og verði sem glæsilegast. Það nám sem nemendur sinna við þátttöku í þessum undirbúningi og með því að koma fram á árshátíð er mikið og styrkir þau á margvíslegan hátt. Þar utan heldur hið hefðbundna nám áfram og því er margt sem lærist á stuttum tíma. Markmið árshátíðar eru margvísleg og má m.a. nefna; framsögn, fjármál, atburðastjórn, hönnun, textílmenn, smíðar, tímastjórn, leiklist, textagerð, ritun, lestur, söng, tónlist og svo framvegis. Listinn er óendanlegur. Árshátíðinni fylgir einnig margt skemmtilegt svo sem myndlistarkeppni skólans og ljóðakeppni skólans. Það bætist því mikil sköpun við nám nemenda þennan tíma í formi leiklistar, ljóðlistar og myndlistar.



Stóra upplestrarkeppnin

7. bekkingar tóku þátt í innanhúss upplestri miðvikudaginn 24. febrúar síðastliðinn þar sem valdir voru fulltrúar Glerárskóla í Stóru upplestrarkeppnina. Aðalkeppnin fer síðan fram miðvikudaginn 10. mars í Gryfjunni í Menntaskólanum á Akureyri. Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur. Fulltrúar skólans verða eftirfarandi: Aðalmenn, Ísold Vera Viðarsdóttir og Rósa María Stefánsdóttir. Varamaður, Eva S. Dolina-Sokolowska. Við óskum þeim til hamingju og erum fullviss um að þeir verða skólanum til sóma.



**MINNUM A AÐ NEMENDUR Í 1. - 7. BEKK EIGA EKKI AÐ VERA MEÐ SÍMA/SÍMAÚR Í SKÓLANUM.
NEMENDUR Í 8. - 10. BEKK MEGA HAFNA SÍMA Í FRÍMÍNÚTUM EN EINGÖNGU Á ÁKVEÐNUM STÖÐUM Í SKÓLANUM.**

Samræmd próf í 9. bekk

Nú líður að samræmdum prófum í 9. bekk en þau verða sem hér segir:

Mánudaginn 8. mars 2021: Íslenska
Þriðjudaginn 9. mars 2021: Stærðfræði
Miðvikudaginn 10. mars 2021: Enska

Prófin hefjast kl. 8:30 og verða í tveimur stofum. Markmið prófanna er að sjá hvar barnið þitt/ykkar stendur í náminu. Þetta er ein af mörgum fjölbreyttum aðferðum sem eru notaðar í skólum til að veita barni og forráðamönnum endurgjöf á styrkleika barnsins og námsstöðu á afmörkuðum þáttum.

Mikilvægt er að barnið sé vel upplagt, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað hollan morgunmat að morgni prófdags. Gott er að leggja áherslu á að ef barnið reynir sitt besta, þá verður þetta ekkert mál.

„Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga”

Mandell Creighton

Helstu atburðir í mars og apríl 2021

Mars 2021	
8. - 10. mars 2021	Samræmd próf í 9. bekk
10. mars 2021	Stóra upplestrarkeppnin
24. - 25. mars 2021	Árshátíð Glerárskóla
Apríl 2021	
27. mars - 5. apríl 2021	Páskafrí
6. apríl 2021	Fyrsti kennsludagur eftir páskafrí - samkvæmt stundaskrá
12. - 16. apríl 2021	7. bekkur að Reykjum í Hrútafirði
22. apríl 2021	Sumardagurinn fyrsti - skóli lokaður

Ljóðasamkeppni Glerárskóla

Í Glerárskóla er áhersla á sköpun stór þáttur eins og áður hefur verið nefnt. Nú er farin af stað ljóðasamkeppni nemenda sem lýkur með afhendingu viðurkenninga árshátíðardagana 24. - 25. mars n.k. Þá verða veittar viðurkenningar fyrir þau ljóð sem



lenda í 1. - 3. sæti keppinnar. Ljóð nemenda munu hanga uppi til að allir geti notið þeirra. Sá sem vinnur keppnina fær afhentan farandgrip sem hann mun varðveita næsta árið.

„Ljóð er leikhús orða.“ Guðbergur Bergsson

Sóttvarnir í grunnskólanum

Þann 24. febrúar 2021 tóku gildi nýjar sóttvarnareglur í grunnskólum sem gilda til 30. apríl 2021. Í þeim reglum er losað um þau höft sem verið hafa m.a. með því að minnka fjarlægðarbil fullorðinna í 1 metra og auka fjölda þeirra nemenda sem mega vera í sama rými upp í 150. Fjöldatakmörkanir fullorðinna fara einnig úr 20 í 50 en áfram verður grímuskylda ef ekki nást fjarlægðarmörk. Áfram óskum við eftir því að forráðamenn komi ekki í skólann nema brýna nauðsyn beri til og noti þá grímu og spritti hendur við inngöngu. Nemendur og starfsfólk halda áfram að spritta hendur og skólinn verður sérstaklega þrifinn og sprittaður á hverjum degi. Þessar nýju reglur gera það einnig að verkum að okkur mun að öllum vonum takast að halda árshátíðina okkar á nokkuð venjubundinn hátt sem er afar gleðilegt. Við vonum því að áfram verði gott ástand á landinu svo ekki þurfi að fara aftur í hertar aðgerðir.



Myndlistarkeppni Glerárskóla

Í tengslum við árshátíð skólans er haldin myndlistarkeppni nemenda ár hvert. Þetta ár er þema keppinnar, *umhverfið og náttúran*, og umsjón með vinnunni hefur myndmenntakennarinn okkar, Bryndís Arnardóttir. Verk nemenda verða hengd upp til sýnis svo allir fái notið þeirra en á árshátíðardögum verða viðurkenningar veittar fyrir 1. - 3. sætið. Sá sem hreppir fyrsta sæti fær farandgrip í hendur sem hann hefur til varðveislu næsta árið.



„Lífið er eins og strigi...gerðu listaverk úr þínu.“ Höf. óþekktur

Sýning nemenda Glerárskóla í Listasafni Akureyrar

Nemendur Glerárskóla hafa að undanförunni tekið þátt í verkefninu „Sköpun bernskunnar“. Þema verkefnisins er blómamyndir í anda listafólksins Eggerts Péturssonar og Guðbjargar Ringsted.

Nemendur skólans í 3. – 10. bekk unnu málverk í stærðinni 1×1 metri undir leiðsögn Bryndísar Arnardóttur myndmenntakennara. Myndverkin voru unnin í samvinnu nemenda þar sem tveir til fjórir unnu að hverri mynd.

Þessi skemmtilegu verk hanga nú uppi í Listasafninu á Akureyri og það er verulega gaman að leggja leið sína á safnið og skoða sýninguna „Sköpun bernskunnar“ sem stendur fram til 2. maí næstkomandi. Sjá má myndband af myndunum á heimasíðunni okkar.



Erasmus+ aðild - vottun

Í vikunni hlaut Glerárskóli vottun sem Erasmus+ skóli til ársins 2027.

Með þessu er staðfest að skólinn hafi unnið vandaða áætlun um fjölþjóðlegt samstarf og náms- og þjálfunarleiðir sem hluta af stefnumörkun til framtíðar. Þeir skólar sem fá þessa aðild/vottun staðfesta, munu hafa einfaldari aðgang að styrkjamöguleikum náms- og þjálfunarverkefna í nýrri menntaáætlun Erasmus+ 2021-2027.

Við megum vera mjög stolt af því að hafa fengið þessa aðild viðurkennda. **Til hamingju Glerárskóli.**

Skýjaborgir opnaðar aftur



Skýjaborgir hafa nú verið opnaðar á ný eftir viku lokun vegna slaelegrar umgengni. Rætt hefur verið við nemendur í 8. - 10. bekk um hvernig ganga skuli um skólann og verið er að vinna að því að gera Skýjaborgir að notalegum stað fyrir nemendur.

Í vinnslu er að kaupa fleiri sófa, setja upp led ljós í nokkrum litum og setja upp hátalara svo hægt sé að spila tónlist svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndir koma frá nemendum og smám saman munu Skýjaborgir verða að góðum íverustað. Að sjálfsögðu fer það síðan eftir umgengni hvernig framvindan verður en í sameiningu eigum við að geta haft skólann okkar fallegan og notalegan.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerarskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

